

Nd.

392. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eftir stjórnarskipti í sumar var hafin endurskoðun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á tekjuöflunarkerfi þessara aðila. Á fyrri hluta þings í vetur lagði ríkisstjórnin fram frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga og um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. En endurskoðuninni er haldið áfram.

Fjárhagsnefnd sendi frv. um tekjuskatt og eignarskatt til umsagnar 17. desember eftirtöldum aðilum: Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Verzlunarráði Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Landssambandi ísl. verzlunarmanna. Svör bárust fyrir tilskilinn tíma, 15. janúar, frá flestum þessara samtaka.

Auk þessa bárust nefndinni bréf frá öðrum aðilum. Umsagnir og bréf voru athuguð á fundum nefndarinnar, sem einnig kvaddi sér til ráðuneytis sérfræðinga í skatta- og efnahagsmálum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 2. marz 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form., frsm.

Karl Sigurbergsson,
fundaskr.

Karvel Pálmason.

Þórarinn Þórarinsson.